

AFRIT - 3 eintök
10.3.1951 - gs

VATNAMÆLINGAR
18. skilagrein

- Frummi -

Akureyri, 14.2.1951.

Raforkumálastjóri,
Laugavegi 118, Rvík.

Vatnamælingar í S.-Þing. l. til 11. febr. 1951.

Frost og snjócoma undanfarnar 10 vikur, með nokkrum smáblotum, sem bleyttu í snjó:

<u>Fnjóská</u>	Dalsmynni	20,2 m ³ /sek ^{15.5}l/sek pr.km ²
<u>Árbugsa</u>	Ármót	1,4 " ^{11.9} "
<u>Neslækur</u>	Nes í Fnjóskadal	0,07 " "
<u>Djúpa</u>	n.v. Ljósavatn	0,5 " ⁸ "
<u>Máslækur</u>	n.v. Másvatn	0,2 " ^{6.8} "

Laxá. Samkvæmt vhm. 32 var rennsli Laxár þann 5. febrúar, 45 m³/sek.

Skjálfandafljót: Nú truflar ís og skarir vhm 50 í Skjálfandafljóti. En í janúar 1948 og janúar 1950 kom ég að Skjálfandafljóti og valdi stað fyrir auka vhm og setti hann upp sl. sumar. Nú var rennsli þar ó-truflað og álestur 148, en álestri varð ekki náð nema með hallamáli og öðrum tilheyrandi útbúnaði fram yfir klakahrönn. Næstkomandi sumar verður lykill að Skjálfandafljóti og þá fyrst hægt að vita, hve mikið er í því nú. Ég reyndi að mæla vatnsrennsli Skjálfandafljóts undan Rauðuskriðu, þar var það alþiljað. En það reyndist ekki gerlegt, sökum þess, hve mikið krap var undir ísnum. Sólarhringinn næst á undan var hitinn + 140 C.

Rafstöðin við Laxá. Stöðvarstjórinn, Ágúst Halblaub, lýsti flóðbylgjunni, sem skall yfir rafstöðina klukkan 23.00 þann 4. des. sl. og sýndi mér vegsummerki hennar. Hún mun hafa átt upptök sín í Árgilsflóanum. Þar hefur lagis flóans lagst niður, en ekki brotnað upp, þegar vatnið hljóp undan. Fyrir neðan flóann hafa allar skarir brotnað upp, en ruðingur sézt á árbökkunum, sem hækka stöðugt á leiðinni niður að rafstöð.

Á rafstöðinni er enginn lofthitamælir, en hitinn kl. 10 4. des. að Grímsstöðum við Mývatn var + 17.3° C, en kl. 10 5. des. var hann + 2,1° C, svo að snögglega hefur dregið úr frostinu sólarhringinn, sem flóðbylgjan skall á Laxárstöðina. Að fengnum þessum upplýsingum má slá því föstu, að hér hafi verið um tröppusprengingu að ræða, samb. greinina Flóð í Laxá.

Laxárós og við Mývatn: Eins og undanfarna vetur hafa kvíslar Laxár upp við Mývatn stíflast og vatnsrennslið Laxár hjá rafstöðinni komist undir 15 m³/sek. Stíflurnar hafa komið á sömu brotin og undanfarna vetur. Veturinn, það ssem af er, hefur verið kaldur og snjóþungur í Mývatnssveit, en engu að síður hefur vök haldist við Rífsoddann, samb. grein Vatnamælingar frá sl. vetri um þetta efni.

Í þessu sambandi hefur ekkert nýtt komið fram, sem ekki er að finna í fyrri greininni Vatnamælingar frá 1948 og 1950.

Snjósmælingar: Á leið minni um sýsluna fékk ég gott tækifæri til að athuga og mæla snjólagið, því að fara varð allt á skíðum.

Leiðin var þessi: Svalbarðsströnd-Dalmynni-Gönguskarð-Kaldakinn-Skriðuhverfi-Fljótsheiði-Aðald.-Reykjad.-Mývatnshaiði-Haganes og Grímsst. í Mývatnssveit-Hofsstaðaheiði-Hólssandur-Laxárdalur-Mývatnshaiði-Reykjad.-Fljótsheiði-Bárðard.-Ejósavatnsskarð-Fnjóskad.-Vaðlaheiði.

Greinargerð um snjósmælingu læt ég biða þar til síðar. Þó má geta þess, að snjóþýpið í Dalsmynni er 80-100 cm, en frá 30-60 cm í dölunum og Mývatnssveit. Mestur er snjórinn í Kinnafjöllum, verður þar talinn í metrum. Neðan við 200-250 m hæðarlínu hefur oft bleytt í snjónum, svo að hann er víða jafnfallinn á láglandinu. Við hinar auðu kvíslar, Laxá við Mývatn, var áberandi lítil snjór. En þar hefur sitt á hvað NA- og SV-vindur þyrlað til lausum snjó, og Laxá klófest, það sem hún hefur komið í færi við.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Rist
(sign)